

Upplýsingaskjal þetta tilgreinir einungis helstu atriði tryggingarinnar, s.s. hvað er innifalið og hvað ekki. **Ekki** er um að ræða tæmandi upptalningu né persónulegt yfirlit yfir tryggingar sem viðskiptavinir velja. Upplýsingaskjalið hefur ekki lagalega þýðingu og gegnir eingöngu þeim tilgangi að upplýsa viðskiptavinum um helstu þætti tryggingarinnar. Tryggingayfirlit og nákvæmar upplýsingar um samningsskilmála sem gilda eru aðgengilegar á **váttryggingarskírteini** tryggingarinnar sem hægt er að nálgast á [Mínum síðum](#) Varðar. **Skilmálar** tryggingarinnar hafa að geyma tæmandi upplýsingar um váttryggingarverndina og eru hluti af samningi aðila ásamt váttryggingarskírteini.

Hvernig trygging er húseigendatrygging íbúðarhúsa?

Húseigendatrygging veitir víðtæka og alhliða vernd og bætir tjón sem verður á fasteigninni sjálfri, m.a. vegna vatns, foks, innbrots, skýfalls eða asahálku.

Innifalið í Húseigendatryggingunni er einnig ábyrgðartrygging sem tryggir eigendur fasteigna fyrir bótaskyldu sem getur fallið á þá. Innifalið er enn fremur réttaraðstoðartrygging. Löggjald Húseigendatryggingar fer eftir aldri húseignarinnar og brunabótamati hennar.



Hvað bætir tryggingin?

Húseigendatrygging

- ✓ Skyndilegan og óvæntan leka úr vatnsleiðslum, hitakerfi eða frárennislögnum.
- ✓ Tjón sem verður ef vatn streymir óvænt úr heimilistækjum s.s. kælikápum og hreinlætistækjum vegna mistaka eða bilana.
- ✓ Tjón sem verður ef yfirborðsvatn sem orsakast af úrhelli eða asahláku verður svo mikið að frárennislöslur ná ekki að flytja það frá.
- ✓ Tjón á húseign af völdum innbrots eða innbrotstilraunar.
- ✓ Tjón sem verður á gleri eftir ísetningu.
- ✓ Tjóns sem verður vegna skyndilegs sótfalls frá eldstæðum og viðurkenndum kynditækjum.
- ✓ Tjón vegna skyndilegs snjóþunga sem sligað hefur þak eða vegg fasteignar.
- ✓ Skemmdir á húseign sem er bein afleiðing af óveðri eða roki þegar vindhraði fer yfir 28,5 m/s.
- ✓ Húsaleigu hafi húseign váttryggðs skemmst af bótaskyldum tjónsatburði.
- ✓ Brot á helluborði.
- ✓ Brot á fasttengdum heimilistækjum, sem rekja má til óvæntra og skyndilegra utanaðkomandi atburða.

Réttaraðstoðartrygging

- ✓ Bætur gegn skaðabótaskyldu sem getur fallið á húseiganda vegna húseignarinnar samkvæmt íslenskum lögum eða réttarvenjum.



Hvað bætir tryggingin ekki?

Húseigendatrygging

- ✗ Tjón vegna utanaðkomandi vatns frá t.d. þakrennum, svölum eða frárennislöslum.
- ✗ Tjón vegna grunnlagna sem eru missignar, morknar eða hafa á annan hátt hrörnað af notkun eða ónógrri undirbyggingu.
- ✗ Tjón vegna sigs á grunni húseignarinnar, s.s. vegna útskolunar á jarðvegi.
- ✗ Tjón á loftnetum, fánastöngum, girðingum eða gróðri.
- ✗ Tjón á gleri sem rispast eða flísast úr.
- ✗ Tjón á gleri sem verður við móðu á milli glerja.
- ✗ Tjón á gleri sem verður vegna þenslu, vindings eða ófullnægjandi viðhaldi ramma eða lista.
- ✗ Tjón sem er bótaskyld úr brunatryggingu húseignarinnar.
- ✗ Tjón sem fjölskylda húseiganda verður fyrir.
- ✗ Tjón sem verður vegna atvinnu húseiganda, hvort sem um er að ræða eigin atvinnurekstur eða vinnu í þjónustu annarra.
- ✗ Tjón á munum sem váttryggður hefur til afnota eða geymslu.
- ✗ Tjón af völdum eldsvoða, vatns vegna slökkvistarfs, reyks, sóts eða sprengingar.

Réttaraðstoðartrygging

- ✗ Mál sem varða hjónaskilnað eða sambúðarslit.
- ✗ Mál sem varða forræði barna eða umgengnisrétt.

Ábyrgðartrygging

- ✓ Bætir húseiganda málskostnað vegna ágreinings í einkamálum sem kunna að rísa vegna húseignarinnar. Skilyrði að óskað sé aðstoðar lögmanns. Um takmarkanir vísast í skilmála.

- ✗ Mál sem eru í tengslum við atvinnu eða embætti váttryggðs.
- ✗ Mál sem váttryggður gengur í ábyrgð fyrir annan.

Ábyrgðartrygging

- ✗ Tjón sem fjölskylda húseiganda verður fyrir.
- ✗ Tjón sem verður vegna atvinnu húseiganda, hvort sem um er að ræða eigin atvinnurekstur eða vinnu í þjónustu annarra.
- ✗ Tjón á munum sem váttryggður hefur til afnota eða geymslu.
- ✗ Tjón af völdum eldsvoða, vatns vegna slökkvistarfs, reyks, sóts eða sprengingar.



Eru einhverjar takmarkanir eða varúðarreglur?

- ! Váttryggðum ber að fylgja varúðarreglum Varðar.
- ! Húseiganda ber að sjá til þess að í óupphituðu húsnæði sé lokað fyrir vatnsstreymi og vatnslagnir og jafnframt að viðfest tæki séu tæmd af vatni þegar hætta er á frosti.
- ! Húseiganda, er skylt, að svo miklu leyti sem það er á hans valdi, að hafa niðurföll í lagi með því að hreinsa úr þeim aur eða klaka.
- ! Húseiganda, ber að sjá til þess að váttryggðri húseign sé alltaf læst og öllum gluggum lokað.



Hvar gildir tryggingin?

Tryggingin gildir aðeins vegna húseigna á Íslandi.



Hverjar eru skyldur hins tryggða?

- Veita allar nauðsynlegar upplýsingar, hvort sem er við endurnýjun eða breytingar á tryggingunni.
- Veita Verði, ef nauðsyn krefur, aðgang að hinni váttryggðu húseign til þess að skoða hana og umbúnað hennar.
- Tilkynna um tjón við fyrsta hentugleika og eigi síðar en innan árs frá tjónsatburði.



Hvenær og hvernig er greitt fyrir trygginguna?

Iðgjöld tryggingarinnar ber að greiða á gjalddaga. Vörður sendir kröfur mánaðarlega í heimabanka eða árlega ef óskað er eftir því að greiða iðgjöld í einu lagi. Hægt er að breyta greiðslumáta á [Mínum síðum](#) Varðar. Þar er einnig hægt að velja að greiða iðgjöld með kreditkorti.



Hvenær hefst váttryggingarverndin og hvenær lýkur henni?

Váttryggingarsamningar gilda almennt í 12 mánuði frá samþykkt tilboðs og útgáfu tryggingar. Sé tryggingu ekki sagt upp á því tímabili framlengist hún sjálfkrafa.



Hvernig er tryggingunni sagt upp?

Hægt er að segja tryggingunni upp hvenær sem er á váttryggingartímabilinu.